



## LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík  
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604  
netfang: lanamal@lanamal.is  
veffang: <http://www.lanamal.is>

### Fréttatilkynning

30. desember 2024

## Ársáætlun í lánamálum ríkissjóðs 2025

- Áætlað er að útgáfa ríkisbréfa nemi 180 ma.kr. að söluvirði árið 2025.
- Fyrirhugað er að gefa út nýjan óverðtryggðan ríkisbréfaflokk með gjalddaga 2038 og tvo nýja verðtryggða ríkisbréfaflokka með gjalddaga 2029 og 2044. Stærð flokka og markaðsaðstæður munu ráða því hversu mikið verður selt í einstökum flokkum ríkisbréfa.
- Til greina kemur að mæta fjárþörf ríkissjóðs á árinu að hluta til með hagnýtingu erlendra innstæðna hjá Seðlabanka Íslands.

### Inngangur

Samkvæmt samþykktum fjárlögum fyrir árið 2025 er gert ráð fyrir að hreinn lánsfjárfjöfnuður verði neikvæður um 19,5 ma.kr. Í júní 2025 verður RIKB 25 0612 á gjalddaga en flokkurinn er 89 ma.kr. að nafnvirði. Aðrar afborganir af langtímalánum nema samtals 5,3 ma.kr. Hreinn lánsfjárfjöfnuður að viðbættum afborgunum ársins og að teknu tilliti til hreyfinga á innstæðum ríkissjóðs og ríkisvixlum segir til um þörf fyrir innlenda langtímalántöku á árinu. Í þessu samhengi er þó rétt að benda á að RIKS 26 0216 verður á gjalddaga í febrúar 2026 en flokkurinn stendur í 119 ma.kr. og er hluta ríkisbréfaútgáfunnar 2025 ætlað að mæta gjalddaganum. Engin erlend lán eru á gjalddaga 2025.

Áfram mun ríkisbréfaútgáfa verða uppistaðan í fjármögnun ríkissjóðs en gert er ráð fyrir útgáfu ríkisbréfa fyrir um 180 ma.kr. að söluvirði á árinu 2025<sup>1</sup>. Útgáfa ríkisbréfa umfram gjalddaga þeirra verður því 91 ma.kr. á árinu samanborið við 61 ma.kr. árið 2024. Áætluð heildarútgáfa ríkisbréfa á komandi ári verður jafnframt 30 ma.kr. hærrí en hún var í endurskoðaðri ársáætlun fyrir 2024.

Til að mæta lánsfjárþörf ríkissjóðs kemur einnig til greina að hagnýta erlendar innstæður á viðskiptareikningi ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands en í lok nóvember 2024 námu þær 263 ma.kr. að jafnvirði.

<sup>1</sup> Með söluvirði er átt við hreint verð „clean price“ með áföllnum verðbótum á höfuðstól, þ.e. verð með verðbótum en án áfallinna vaxta.



## LÁNAMÁL RÍKISINS

Útgáfuáætlun hvers ársfjórðungs verður birt síðasta viðskiptadag fyrri ársfjórðungs. Í ársfjórðungsáætlunum munu koma fram upplýsingar um áætlaða heildarútgáfu á fjórðungnum. Áætlun um útgáfu á fyrsta ársfjórðungi 2025 er birt samhliða ársáætlun þessari.

### Stefna í lánamálum ríkisins

Stefna í lánamálum ríkisins er birt af fjármála- og efnahagsráðuneytinu og nær til fimm ára í senn. Hún endurspeglar áform stjórnvalda um lánsfjármögnun á tímabilinu en stefnan er endurskoðuð og birt árlega. Meginmarkmið stefnunnar er að tryggja að lánsfjárför og fjárhagslegum skuldbindingum ríkissjóðs verði mætt með lágmarkskostnaði að teknu tilliti til varfærinnar áhættustefnu. Þá skal skv. stefnunni stuðla að frekari uppbyggingu á skilvirkum frum- og eftirmarkaði með innlend ríkisverðbréf.

### Útgáfa ríkisbréfa

Þann 12. júní 2025 fellur á gjalddaga óverðtryggði flokkurinn RIKB 25 0612 sem er 89 ma.kr. að nafnvirði. Bréf í þessum flokki voru fyrst gefin út árið 2009. Fyrirhugað er að gefa út nýjan óverðtryggðan ríkisbréfaflokk með gjalddaga 2038. Jafnframt er fyrirhugað að gefa út tvo nýja verðtryggða ríkisbréfaflokka með gjalddaga 2029 og 2044. Stefnt er að viðskiptavakt með flokkana.

Til greina kemur að gefa út í öllum flokkum ríkisbréfa á árinu en þó má gera ráð fyrir lítilli útgáfu í stærstu flokkunum, enda ber að skoða svigrúm til útgáfu í einstökum flokkum í því ljósi að stefnt er að því að endurgreiðsluferill ríkisverðbréfa verði sem jafnastur. Munu markaðsaðstæður ráða því hvort og þá hversu mikið verður selt í hverjum flokki.

Stærð ríkisbréfaflokka í árslok 2024 – (m.kr.):

Óverðtryggðir flokkar <sup>1</sup>		Verðtryggðir flokkar <sup>2</sup>	
RIKB 25 0612	88.859	RIKS 26 0216	118.694
RIKB 26 1015	72.924	RIKS 30 0701	132.253
RIKB 27 0415	71.051	RIKS 33 0321	129.332
RIKB 28 1115	118.882	RIKS 37 0115	85.777
RIKB 31 0124	124.632		
RIKB 35 0917	67.257		
RIKB 42 0217	66.082		

<sup>1</sup>Nafnvirði

<sup>2</sup>Nafnvirði með áföllnum verðbótum

### Útgáfa ríkisvixla

Útistandandi ríkisvixlar nema tæpum 190 ma.kr. í lok árs 2024. Ríkissjóður verður áfram virkur útgefandi á víxlamarkaði en staða útistandandi víxla hverju sinni getur verið breytileg enda er útgáfa ríkisvixla m.a. liður í lausafjárstýringu ríkissjóðs og tímabundin fjárför, eftirspurn frá fjárfestum og ávöxtunarkjör í útboðum hafa áhrif á stöðuna. Tímalengd víxla getur numið frá 1 mánuði upp í 12 mánuði. Ríkissjóður á einnig kost á því að óska eftir peningamarkaðslánum eða



## LÁNAMÁL RÍKISINS

veita krónulán til aðalmiðlara til mjög skamms tíma til að draga úr daglegum sveiflum á viðskiptareikningi sínum í Seðlabankanum.

Sveigjanleiki í víxlaútgáfu er mikilvægur og til greina kemur að bæta við útboðum á ríkisvixlum umfram það sem fram kemur í útgáfudagatali Lánamála.

### **Skiptiútboð - uppkaup**

Skiptiútboð og uppkaup á árinu verða framkvæmd í samræmi við ákvæði aðalmiðlarasamninga og stefnu í lánamálum ríkisins.

### **Innstæður ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands**

Í lok nóvember 2024 var staða á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands um 71 ma.kr. Á sama tíma átti ríkissjóður einnig um 263 ma.kr. að jafnvirði í innstæðum í erlendum gjaldeyri hjá Seðlabankanum. Erlendar innstæður hafa hækkað um 67 ma.kr. frá áramótum, einkum vegna útgáfu á sjálfbærum skuldabréfum á árinu, sem nam mun hærri fjárhæð en skuldabréf í evrum sem var á gjalddaga í júní 2024.

### **Vaxtaskiptasamningar**

Í síðasta mánuði ársins 2024 hóf ríkissjóður á ný að gera verðbólgu-skiptasamninga við innlendar fjármálastofnanir eftir nokkurra ára hlé. Ríkissjóður hefur heimild til að gera skiptasamninga fyrir allt að 50 ma.kr. á árinu 2025 til að stýra betur verðtryggingar- og vaxtaáhættu lánasafnsins. Verða slíkir samningar gerðir ef markaðsaðstæður og kjör leyfa.

### **Erlend lán**

Engin erlend lán eru á gjalddaga árið 2025.

### **Tímasetningar útboða og nánari útfærsla**

Útboð ríkisverðbréfa verða haldin samkvæmt útboðsdagatali *Lánamála ríkisins*. Tvisvar í mánuði eru fráteknir dagar fyrir útboð ríkisbréfa og einu sinni í mánuði fyrir ríkisvixla. Þessir dagar eru merktir sérstaklega inn á útboðsdagatalið og birtir á vefsíðunni [www.lanamal.is](http://www.lanamal.is). Áskilinn er réttur til þess að fella niður eða bæta við útboðum ríkisverðbréfa, t.d. vegna markaðsaðstæðna. Ef breyting verður á gildandi ársáætlun er venjan að tilkynna það í ársfjórðungsáætlun.

Mánaðarlegar Markaðsupplýsingar, upplýsingasiður hjá Bloomberg <ICDO> og vefsíðan [www.lanamal.is](http://www.lanamal.is) verða með svipuðu sniði og verið hefur.



## LÁNAMÁL RÍKISINS

### Aðalmiðlarar ríkisverðbréfa

Arion banki hf.  
Fossar fjárfestingarbanki hf.  
Íslandsbanki hf.  
Kvika banki hf.  
Landsbankinn hf.

Frekari upplýsingar veita Esther Finnbogadóttir í fjármála- og efnahagsráðuneyti í síma 545 9200 og Björgvin Sighvatsson hjá Lánamálum ríkisins í síma 569 9600.